

**Nd.**

**10. Frumvarp til laga**

[10. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. desember 1951, að breyttri 30. gr. laganna, sem orðast svo:

Viðbótargjöld fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal greiða:

- a. af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð;
- b. af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum 35% af leyfisfjárhæð. Leyfisgjaldið miðast við tollmat bifreiðanna, að frádrögnum flutningsgjaldi og váttryggingar-  
iðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.  
Gjöld þessi skal fjárhagsráð innheimta við afhendingu leyfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 24/1950, að öðru leyti en því, að það tekur til ársins 1951. Þær ástæður, sem voru til þessarar tekjuöflunar á s. l. ári, eru enn fyrir hendi, og er frv. þetta þess vegna fram borið.